

Sp. **275. Tillaga til þingsályktunar** **[140. mál]**
um greiðslu rekstrar- og afurðalána til bænda.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að viðskiptabankar greiði rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins beint til bænda.

Greinargerð.

Á undanförnum vikum hafa miklar umræður farið fram um afurðasölumál landbúnaðarins og m. a. verið haldnir fjölmennir bændafundir víða um land. Á fundum þessum hefur brotist fram megn óánægja með ýmsa þætti afurðasölumála og t. d. á það bent, að stærsti dreifingaraðili sauðfjárafurða „hefur ekki skilað réttu verði á réttum tíma til sláturleyfishafa“, eins og orðrétt segir í ályktun almenns bændafundar, sem haldinn var á Blönduósi 13. þ. m.

Með samþykkt tillögu þessarar væri tryggt, að þeir, sem rekstrar- og afurðalánin eiga að fá, bændur sjálfir, fengju þau á réttum tíma, og væri þannig komið í veg fyrir alla tortryggni. Er þess að vænta, að allir fagni því, enda óviðunandi að bændur hafi ekki ráðstöfunarrétt yfir eigin fjármunum.